



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnunni
Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu
Reykjavík
30. október 2012**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Þetta er endurrit af upptöku.*

Það er á margan hátt forvitnilegt að koma hér í morgunbirtunni frá Bessastöðum til að ræða nýsköpun í stjórnsýslu, taka þátt í að fagna þeim árangri sem hefur náðst og heiðra þá sem verðlaun hljóta hér á eftir.

Mér var hugsað til þess í morgun að það hefur svo sannarlega orðið víðtæk nýsköpun í íslenskri stjórnsýslu frá þeim tíma þegar fulltrúi konungsins, sem einvaldur var í málefnum þjóðarinnar, sat á Bessastöðum. Við gleymum því oft í þessari umræðu að í raun og veru er hægt að líta á feril Íslendinga frá þeim tíma til okkar dags, sérstaklega frá upphafi 20. aldar, sem merkilega nýsköpun í þróun ríkis, stjórnsýslu og lýðræðis.

Það er gott að rifja upp að á þeim tíma, sem ég var að vísa til, þá höfðu Íslendingar engin mannréttindi. Við erum ekki vön að líta á sögu okkar á þann hátt. Við ræðum oft um okkur sjálf eins og við höfum ávallt notið þessara réttinda, en svo er ekki. Þjóðin hafði engin pólitísk réttindi, engin efnahagsleg réttindi, menn þurftu leyfisbréf til að stunda verslun, engar kosningar fóru fram í landinu og fulltrúi konungsins stjórnaði með tilskipunum. Eini ferðamátinn var að fara fótgangandi eða á hestum og það komu bara örfá skip á ári til landsins; þjóðin frétti þess vegna ekki af láti konungsins fyrr en mörgum mánuðum eftir að hann lést.

Það tók langan tíma frá því að Alþingi var endurreist sem ráðgefandi stofnun þar til við fengum heimastjórn. Ég segi stundum til að árétta hve stutt er síðan að á fyrstu sjö árum í lífi föður míns var allt framkvæmdavald í íslenskum málum í dönskum höndum. Það var ekki

fyrir en hann var að komast á skólaaldur að við fengum stjórnsýsluna í eigin hendur. Og skrifstofan, sem Hannes Hafstein setti á laggirnar í Stjórnarráðshúsinu, hún var ekki fjölmenn. Hún hefði rúmast á einu borði hér í salnum eða svo; allir sem störfuðu í Stjórnarráðinu á þeim tíma.

Frá þessum tíma til þeirrar fjölþættu flóru sem við fjöllum um hér í dag er margbreytileg leið. Það er skemmtileg umræða að velta því fyrir sér hvers vegna Íslendingar kusu að þróa stjórnsýslu sína með þeim hætti sem við höfum gert. Hvernig tókst okkur, þjóð sem var aðeins um hundrað þúsund manns í upphafi heimastjórnar, sannarlega ein hin fátækasta í Evrópu, að þróa hér ríkisvald sem þjónaði framförum, atvinnulífi og fólkinu í landinu á þann hátt að við stöndum nú hundrað árum síðar í þeim sporum að vera í fremstu röð á heimsvísu – þó að margt sé að – á sviði menntunar, heilbrigðismála, lýðræðis og stjórnsýslu.

Það er oft rætt í þjóðfélagsfræðunum um það sem á ensku er kallað „state building“ og jafnvel „nation building“ hjá þeim sem eru með margvísleg þjóðarbrot innan sinna vébanda. Hvernig varð íslenska ríkið til? Hver var grundvöllur þess og hvernig fór það í gegnum þessar breytingar? Hver er arfleifðin í íslenskri stjórnsýslu?

Ég held að tvennt skipti þar einkum máli. Annað er samhengið við lýðræðisþróunina í landinu. Grundvöllur íslenskrar stjórnsýslu hefur ekki verið fyrst og fremst hagkvæmni eða skilvirkar leiðir sem nú eru mjög í tísku, heldur lýðræðisleg þjónusta við fólkið í landinu. Þetta samspil stjórnsýslu og lýðræðis er eitt af því sem er mikilvægt að menn gleymi ekki þegar sífellt er verið að gera meiri hagkvæmniskröfur, skilvirknikröfur, sameina stofnanir og stokka upp stjórnsýsluaðila.

Hinn þátturinn er nálægðin við fólkið í landinu. Hin litla fjarlægð frá almenningi til þeirra sem hafa atvinnu af því að þjóna fólkinu. Við þurfum ekki annað en að horfa á stjórnsýsluhefðir í ýmsum löndum Evrópu, hvað þá heldur í öðrum heimshlutum, til að átta okkur á því að þetta er á margan hátt einstakt og á engan hátt sjálfsagt.

Ef litið er yfir farinn veg, þá er það eitt af undrum þróunar Íslands á undanföllum áratugum hve vel okkur hefur tekist að hagnýta tæknina, nýja möguleika í samskiptum fólks og lýðræðisþróun til að efla fjölbreytta nýsköpun á vettvangi stjórnsýslunnar.

Þessi þróun er ekki aðeins merkileg fyrir okkur sjálf, hún hefur líka vakið athygli víða um veröld. Sú athygli er á margan hátt á þann veg að ég hef stundum haft á orði að í þróunarstarfi okkar og liðsinni við aðrar þjóðir, í því sem stundum er kallað þróunarhjálp, þá sé einna mikilvægast að við miðlum þessari stjórnsýslureynslu, sérstaklega til smárra og meðalstórra ríkja sem enn eru að glíma við það sem ég nefndi hér áðan,

„state building“; hvernig á samfélag að koma sér upp ríkisvaldi sem er í senn lýðræðislegt, ábyrgt og skilvirkt.

Við ræðum sjaldan um samskipti okkar við önnur ríki á þennan hátt. Þegar við höfum þróunarstarf töldum við skynsamlegast að senda togara og sjómenn og kenna mönnum að fiska. Og við höfum lagt af mörkum í þróun efnahagslífs með ýmsum hætti. En við höfum lítið gert af því að gera stjórnsýsluna að burðarási í samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Samt er það svo að hingað leita fjölmargir einmitt í smiðju þess stjórnsýsluárangurs sem Íslendingar hafa náð.

Ég skal nefna tvö dæmi, af tveimur mjög ólíkum löndum, í mismunandi heimshlutum og afar ólíkum að stærð.

Fyrra dæmið er hið litla ríki Trínidad og Tóbagó sem komst að þeirri niðurstöðu fyrir fimmtán árum eða svo að mikilvægt væri að stofna seðlabanka. Okkur finnst kannski í dag sjálfsagt að hafa seðlabanka og teljum að sú starfsemi sem hann rekur sé sjálfsagður þáttur. Engu að síður er ekki nema um hálf öld eða svo síðan hann var stofnaður, tekinn eins og stundum er sagt, úr skúffu í Landsbankanum og gerður að sjálfstæðri stofnun.

Trínidad og Tóbagó var fyrir um fimmtán árum komið á það þróunarstig að telja skynsamlegt fyrir sína velferð og hagkerfi að stofna seðlabanka. Þá leituðu þau til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans sem komust að þeirri niðurstöðu að líklega væri vænlegast að leita í smiðju Íslendinga til þess að kenna öðrum litlum þjóðum að þróa seðlabanka. Það myndu nú sjálfsagt margir kíma hér á Íslandi þegar þetta er nefnt sem framlag okkar til smárra ríkja en engu að síður er það nú svo að núverandi seðlabankastjóri, þegar hann var aðalhaf fræðingur Seðlabankans, starfaði nokkra mánuði á ári hverju í nokkur ár við að hjálpa þeim á Trínidad og Tóbagó að stofnsetja og þróa seðlabanka og byggja upp þá stjórnsýsluferla sem þar væru nauðsynlegir.

Hitt dæmið er Kína. Reyndar er merkilegt að á síðustu fimmtán árum hafa þrjú heilbrigðisráðherrar Kína heimsótt Ísland til að kynna sér heilbrigðiskerfið hjá okkur. Á öðru ári mínu sem forseti átti ég viðræður við heilbrigðisráðherra Kína sem hingað kom með fjölmennu fylgdarliði og var hér í um það bil hálfan mánuð. Ég get ekki leynt því að ég var nokkuð undrandi og spurði hvað í ósköpum heilbrigðisráðherra Kína væri að gera hér í hálfan mánuð. Svárið hefur verið mér minnisstætt. Hann sagði: Við höfum skoðað velflest ríki heims og komist að þeirri niðurstöðu að ykkur á Íslandi hefur betur en mörgum öðrum tekist að þróa heilbrigðiskerfi sem byggir á grunnþjónustu sem nær í hvert einasta byggðarlag, til sveita, í lítil sjávarþorp, og þessi grunnþjónusta er síðan tengd við hátækisjúkrahús í höfuðborginni og annars staðar í stærri

byggðum, þannig að allt myndar þetta samfellda stjórnsýslulega heild. Hvar svo sem menn eru á landinu og hvaða stétt sem menn tilheyra þá eiga þeir jafna möguleika á að fá læknaaðstoð. Við í Kína erum með um sjö hundruð milljónir manna sem búa í dreifðum byggðum. Við þurfum líka að þróa heilbrigðiskerfi á komandi áratugum sem ekki bara nýtist fólkinu í stórborgunum. Við viljum skoða hvernig Íslendingum hefur tekist, því við vitum að þið voruð líka fátæk þjóð þegar þið byrjuðu að þróa þetta heilbrigðiskerfi, að setja það saman, starfrækja það og koma því í höfn.

Trínidad og Tóbagó og Kína eru, eins og við vitum, ólík lönd og glíma við mismunandi vandamál. Í samfélagi þjóðanna er um þriðjungur aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna lítil eða meðalstór og eru líka á þeim stað í tilverunni að þurfa að þróa bæði efnahagslíf, ríkisvald, stjórnsýslu og almenna velferð. Það er langt síðan ég komst að þeirri niðurstöðu að mörg af þeim líkönum, þeim módelum, sem notuð eru í þróunarstarfi og við uppbyggingu ríkisvalds og stjórnsýslu víða um heim, eru fyrst og fremst mótuð af kennismiðum stórra ríkja, kennismiðum frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi og öðrum þeim löndum þar sem skipulögð stjórnsýsla á sér sterkari og eldri rætur en í öðrum heimshlutum.

Lítill og meðalstór ríki þurfa að leysa sín stjórnsýsluvandamál á töluvert annan hátt en stærri ríki, einfaldlega vegna þess að aðstæður eru ólíkar og vettvangurinn allur. Þess vegna er þessi vegferð Íslendinga forvitnileg, að fara frá því að vera fátæk, hundrað þúsund manna þjóð, dreifð um landið allt, með afar einfalda stjórnsýslu í upphafi heimastjórnar, þar sem stjórnarráðið allt myndi rúmast, eins og ég sagði áðan, á einu borði hér í salnum, til þeirrar fjölbættu nútíma stjórnsýslu sem þið þekkið betur en ég.

Það er leitað eftir því með ríkum hætti að komast í þessa smiðju okkar, ekki bara Færeyingar sem komið hafa til Íslands til þess að kynna sér hvernig menn reka utanríkisráðuneyti. Hvernig fer lítil þjóð að því að gera sig gildandi í samfélagi þjóðanna, starfa á vettvangi NATO, Evrópuráðsins, Sameinuðu þjóðanna og fjölmargra alþjóðlegra stofnana. Það er ekki sjálfgefið að lítið og fámennt ríki geti gert sig gildandi í samfélagi þjóðanna þó okkur finnist sjálfsagt að Íslendingar sitji þar við borð, hafi tillögurétt og þátttökurétt á við aðra og getu til þess að gera sig gildandi.

Mig langaði þess vegna hér í morgunsárið að deila með ykkur þessari hugsun og sýn, að hvetja til þess að um leið og við eflum nýsköpun í stjórnsýslu hjá okkur sjálfum og heiðrum þá sem náð hafa góðum árangri, þá gerum við okkur grein fyrir því á hógværan hátt en

engu að síður raunsæjan að sá árangur sem Íslendingar hafa náð á þessu sviði er ásamt hinni hreinu orku eitt af því mikilvægasta sem við getum miðlað um það bil þriðjungi af ríkjum heims.

Ég tel á vissan hátt að það sé siðferðileg skylda okkar í samfélagi þjóðanna að vera opin fyrir því að koma þessum árangri á framfæri, einkum vegna þess að upplýsingatæknin gerir þessum þjóðum, smáum og miðlungsstórum, kleift að stökkva yfir öll þau þróunarstig sem við höfum orðið að fara í gegnum á síðustu fimmtíu til áttatíu árum eða svo. Nú geta þau skoðað kerfin sem hafa alla þessa hluti til reiðu á grundvelli hinnar bestu tækni sem völ er á á okkar tímum. Alveg eins og kínverski heilbrigðisráðherrann kom til Íslands fyrir fimmtán árum til að skoða hvernig þessi þjóð hefði þróað heilbrigðiskerfi sem næði til allra, um dreifðar byggðir, þéttbýli og borg.

Vonandi getum við í sameiningu, bæði þið sem starfið á vettvangi stjórnsýslunnar, og þeir sem bera ábyrgð á samskiptum Íslands við önnur ríki, fundið leiðir til þess að koma þessari reynslu á framfæri og stuðlað að því að við getum miðlað öðrum þjóðum á þennan hátt.

Eins og forystumaður í fátæku smáriki í Afríku sagði við mig: Það eru margir sem þjóða peninga, það er ekki mestur vandi að finna fjármuni frá öðrum þjóðum í þróunarstarf. Samviska Vesturlanda er á þann veg að ef þið látið okkur fá fjármagn þá teljið þið verkinu lokið. En við þurfum fyrst og fremst ráð, aðferðir til að geta staðið á eigin fótum. Við þurfum leiðsögn um hvernig við byggjum upp okkar samfélag og okkar ríki. Það er okkur dýrmætara heldur en fjármunir sem lagðir eru í okkar sjóði.

Í þeim anda skil ég þessa hugsun eftir hér hjá ykkur og það verður ánægjulegt að fá að vera með ykkur hér í dag, hlusta á erindin sem verða flutt og taka þátt í verðlaunaafhendingunni hér á eftir.